

nm frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti fjárhagsnefndar telur það mjög misráðið, að frv. um sjerstakan toll á nokkrar vörutegundir er hraðað gegnum þingið með afbrigðum frá þingskópum, eingöngu til að afla landssjóði tekna, áður en þinginu hefir gefist kostur á að láta í ljósi álit sitt um það, hvort innflutningur á mörgum þeim vörum, sem hjer ræðir um, verður bannaður eða leyfður. Fari svo, að mjög mikið af tollvörum þessum verði bannvörur um nokkur ár, er lagasmíði um verðtoll á þær óþörf fyrirhöfn.

Sömuleiðis verður að telja það mjög óheppilegt, að ekki hafa verið rannsakaðar hinar helstu leiðir til bjargráða atvinnulífinu og til að rjetta við gengi íslenskrar krónu. (Takmarkaður innflutningur, skipulag á sölu sjávarafurða, eftirlit með því, til hvers íslenskur gjaldeyrir er notaður o. fl.). Slik rannsókn var eðlileg og óhjákvæmileg áður en byrjað var að leggja nýja tolla á innfluttar vörur.

Eonfremur hefir landsstjórnin ekki skýrt nægilega fyrir þinginu, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir, hvaða afstöðu hún tekur í þessum miklu vanda- og velferðarmálum þjóðarinnar.

Pótt minni hlutinn sje þannig, að svo vöxnu máli, ekki fylgjandi þessu frv., má samt búast við, að það verði samþykkt. Þykir þó rjett að gera tilraun til að bæta úr nokkrum bersýnilegum ágöllum. Orðin »viðhafnarlaus skófatnaður« eru óákveðin og teygjanleg, en allir vita, hvað átt er við með nafninu vatnsleður-skór. Þá er lagt til að undantaka frá verðtollinum nokkrar þær nauðsynlegustu fatnaðarvörur, sem fátækari hluti þjóðarinnar notar alment til klæðnaðar. Sömu- leiðis þykir ekki ástæða til, ef verðtollur er samþykktur, að það skipulag standi óumtalað nema fram til næsta þings.

BREYTINGARTILLÖGUR :

1. Við 1. gr.
 - a. Í staðinn fyrir orðin »viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni« komi: skófatnaður úr vatnsleðri.
 - b. Á eftir orðunum »önglar og öngultaumar« komi: tvistdúkur, flónel (Bomesie), shirting, lasting, ljereft (dowlas, stout), molskinn, nankin, boldang.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna »til ársloka 1925« komi: til febrúarloka 1925.

Alþingi, 30. mars 1924.

Ingvar Pálmason,
framsögum. minni hl.

Jónas Jónsson.